

Hnífsdal, 9. júní 1997.

Umboðsmaður Alþingis

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 2347
komudagur 11. 6. 1997

Efni: Snjóflóðavarnir.

Þann 3. apríl sendi ég meðfylgjandi erindi til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar ásamt teikningum af snjóflóðavörnum í Hnífsdal. Því miður hafa mér enn ekki borist svör, sem ég hefði viljað senda með þessu erindi. Ég hef lesið frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og þá vakna spurningar.

Í 6. gr. „Á meðan hættuástand varir o.s.frv.“ Í Hnífsdal þarf að keyra upp Hólavallagötu til að komast niður á Árvelli. Fitjateigur og Smárateigur liggja þvert á Hólavallagötu, þegar snjóflóðahætta er kemur upp skrítn staða fyrir íbúana á Árvöllum, við eigum að tilkynna okkur inn og út af svæðinu til lögreglustjóra og með hans leyfi megum við fara yfir þetta snjóflóðahættusvæði, en komi upp sú staða að virkileg snjóflóðahætta sé yfirvofandi og öll umferð er bönnuð um Hólavallagötu, erum við þá ekki í einhverskonar gíslingu? Í fyrra heyrðist orðrómur um að leggja ætti nýja götu að Árvöllum, en eftir að ákveðið var að snjóflóðavarnir í Hnífsdal skyldu gerast með uppkaupum húsa og elstu húsin á þessu svæði munu verða rifin, en einmitt tilvera þeirra segir sína sögu um snjóflóð í Hnífsdal, tvö þessara gömlu húsa eru byggð 1897 og 1906. Eigum við samt að keyra Hólavallagötu?

Í 8. gr. „Til rannsóknar á ofanflóðum o.s.frv.“ Verður fyrst að verða manntjón eða eignatjón til að hægt verði að draga úr hættu af völdum ofanflóða? Væri ekki betra að nefndin rannsaki ofanflóðahættusvæði áður en tjón verða? Rannsóknin gæti falið það í sér til dæmis að rætt væri við íbúana og þá ekki síst þá eldri?

Í 10. gr. „Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnavirkja“. En þegar hús eru keypt upp og eru þar með orðin snjóflóðavörn og síðar ef þau verða ekki seld sem sumarhús eða flutt burt, er einhver ákveðin prósent af árlegum tekjum sveitarstjórnar ákveðin í viðhald húsanna? Geta sveitarstjórnir dregið viðhald húsanna í svo og svo langan tíma að þau verða dæmd ónýtt?

14. gr. Nú er það svo í Hnífsdal að húseignir utan snjóflóðahættusvæðis seljast ekki, vegna snjóflóðahættu þar. Eins er það með húseignir á Ísafirði fyrir ofan Eyrina, þar sem bæði er hætta af völdum snjóflóða og skriðufalla og eftir að krapaflóð féll úr Kubbanum inni í Firði í vetur fjölgaði húseignum þar á söluskrá. Getur verið að svipuð staða sé í öðrum byggðarlögum þar sem snjóflóðahætta er? Hefur komið til greina að rannsaka þennan þátt á sögu snjóflóðahættu á Íslandi?

Snjóflóðavarnir: Með því að setja upp girðingu í gilin eins og gert hefur verið á Siglufirði, eru varnir útaf fyrir sig, en hvornig eiga varnirnar að vera þegar öll hlíðin fer af stað, eins og gerðist í Hnífsdal 1910, á Seljalandsdal 1994 og í Súðavík 1995?

Eru leiðivarnargarðarnir einu snjóflóðavarnirnar sem koma til greina á Vestfjörðum, þegar tekið er tillit til leiðivarnargarðsins á Flateyri, bæði hvað varðar kostnað og líka að hann er aðeins tilraun? Kæmi þá til greina að koma upp öðrum vörnum, eins og til dæmis snjóflóðakljúfum. Til dæmis fyrir ofan sorpbrennslustöðina Funa eða annars staðar þar sem snjóflóð falla oft, til að fá samanburð á þessum þremur snjóflóðavörnum? Leyfi mér að benda á hugmyndir uppfinningamanns í Borgarnesi varðandi snjóflóðakljúfa og líka á bæinn Norðureyri við Súgandafjörð, meðan hann var í byggð þá stóð hann af sér fjögur snjóflóð, þetta styður áðursendar hugmyndir mínar, varðandi snjóflóðakljúfana til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.

Um uppkaup á húsum í Hnífsdal: Hvað réði því endanlega að húsin voru keypt? Hefði ekki verið ráðleggra að Ofanflóðasjóður hefði beitt sér fyrir því að kaupa hús á öðrum snjóflóðahættusvæðum þar sem snjóflóð falla á eins, tveggja, þriggja ára... fresti, en ekki nokkurra áratuga fresti eins og virðist gerast í Hnífsdal?

Að lokum, verði núverandi snjóflóðavarnir í Hnífsdal endanlegar eins og þær eru í dag, að ekki er leyft að búa í húsunum frá 15. nóv. til 15. apríl og elstu húsin rifin, þá er ekki lengur snjóflóðahætta í Hnífsdal, eða hvað? En um þetta svæði þurfa íbúar á Árvöllum að fara allra sinna erinda, er þá ekki lengur ástæða til að gefa út viðvaranir um snjóflóðahættu á svæðinu?

(Umboðsmaður Alþingis, bið um ráðleggingar um áframhaldandi meðferð málsins).

Virðingarfyllt

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir
Árvöllum 14 Hnífsdal.

Afrit sent:
Umhverfisnefnd Alþingis
Ofanflóðasjóði
Veðurstofustjóra Íslands
Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar.

Hnífsdal 3. apríl 1997.

Til umhverfisnefndar Ísafjarðar

Efni: Varðar snjóflóðavarnir í Hnífsdal.

Snjóflóðavarnir eiga rétt á sér, hvar sem er og líka í Hnífsdal. Elstu húsin á að ríffa, en húsin við Fitjateig og Smárateig eru snjóflóðavörn eigenda þeirra, en þeir hafa þegar flutt burt.

Í ljósi nýrra fréttaumfjöllunar í RÚV-SJÓNVARPI að verja megi hús og önnur mannvirki gegn snjóflóði með því að byggja stefni á húsgafla, en það gæti verið langsótt að byggja stefni á langhliðar tímberhúsa, auk heldur sem bílskúrar eru fyrir ofan húsin. Þá langar mig til að sýna hugsanlegar snjóflóðavarnir (sjá teikningar) með því að setja upp snjóflóðakljúfa nokkra metra ofan við hverja húsaröð nr. I á teikningu. Þá sést að hugsanlegt snjóflóð fari á milli húsaræða það er á götuna og í húsagarða, en þyki þetta ekki nægar varnir mætti setja fleiri snjóflóðakljúfa nr. II á teikningu á milli og þá ofar en snjóflóðakljúfar nr. I.

Ef svona snjóflóðakljúfar væru hugsanlega samþykktir með því að hafa þá úr holum stálvegg og fylltir með steinsteypu, hæðin væri 5 metrar, 2 metrar neðan jarðar og 3 metrar ofan jarðar og þykktin aldrei minni en húsveggur og lengd beggja hliða fer eftir hversu marga metra snjóflóðakljúfur er fyrir ofan hús og hversu hvass snjóflóðakljúfur á að vera, þannig að tryggt er að snjóflóð fari ekki á húsin og til að tryggja að þetta fari nú ekki allt af stað í snjóflóði væri hægt að hafa stórgrýti neðan við snjóflóðakljúfana Nr. III á teikningu. Snjóflóðakljúfar mega halla niður til samræmis við grjótfyllingu.

Örvarnar eiga að sýna hugsanlegt rennsli snjóflóðs og hvernig það skiptist með því að lenda á snjóflóðakljúfunum. Ég geri mér grein fyrir því að snjóflóð á miklum hraða muni alltaf fara yfir snjóflóðakljúfana, en það fer eftir því hversu nálægt fjallshlíðinni snjóflóðakljúfar eru settir upp og einnig því snjómagni sem niður kemur.

Mig langar að spyrja hversu mikil könnun hefur verið gerð á snjóflóðasögu Hnífsdals, ef frá eru talin snjóflóð 1910 og 1947. Byggðin sem fór í snjóflóðinu 1910, sem kom úr Búðargili var í svokölluðum Bug sem er utanvert við núverandi byggðakjarna í Hnífsdal. Vegna flóðsins sem kom 1947 þyrfti kannski meiri snjóflóðakljúfa fyrir ofan Fitjateig, nr. IV.

Mig langar líka til að vita hvað svona snjóflóðakljúfar standast stórt snjóflóð án þess að skaði hljótist af. Hvað gerist ef snjóflóð á 160-200 km hraða eða 200-250 km hraða lendir á snjóflóðakljúfum, ef það kemur flekaflóð eða kemur úr gili? Á hvaða hraða rennur snjóflóð sem fer yfir snjóflóðakljúfana og eftir að snjóflóð hefur skipst til beggja hliða Nr. V á teikningu?

Hvernig er snjóflóðahættumat reiknað út? Er til dæmis gilrótin með gamalli gróinni grjóthrunsbungu og undirlendi eins og er hér í Hnífsdal tekið með í dæmið?

Og svo er það spurningin. Hver á að borga?

Er það Ofanflóðasjóður, Bæjarsjóður Ísafjarðar eða ríkissjóður? En má ekki líta það öðrum augum? Með því að húsin voru keypt í upphafi, hafa þá ekki Ofanflóðasjóður og Bæjarsjóður Ísafjarðar þegar borgað?

Setjum sem svo að svona snjóflóðakljúfar væru samþykktir og húsin seld til heils árs búsetu með þeim skilmálum að eigendur yfirgefi húsin þegar snjóflóðahætta er og sötuandvirði húsanna fari í snjóflóðakljúfana?

Gæti verið að svona varnir kosti minna en fyrri fyrirhugaðar snjóflóðavarnir í Hnífsdal?

Hefur verið kannað hvaða félög, félagasamtök eða einstaklingar vilja eiga sumarhús í Hnífsdal vitandi það að húsin eru notuð sem snjóflóðavörn á veturna?

Væri hugsanlegt að snjóflóðakljúfar nýttust fyrir ofan sorpbrennslustöðina Funa og Steiniðjuna eða víðar?

Væri hugsanlegt að nota snjóflóðakljúfa sem aurskriðuvörn með því að raða þeim öðru vísi upp Nr. VI, í hvora áttina sem væri.


Virðingarfyllt,

Kristín Hreinsdóttir


Kristín Hreinsdóttir
Árvöllum 14, Hnífsdal

Afrit sent:


Bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar
Byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar



SMARATEIGUR.



HÚSAGARÐAR.



FITSATEIGUR.

